



# Jöklaárannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 78

September 2000

### HAUSTFERÐ

Haustferð félagsins í Jökulheima verður farin helgina 29. september til 1. október 2000. Lagt verður af stað á föstudagskvöld kl. 20 frá Guðmundi Jónassyni h.f. Borgartúni 34.

Pátttaka tilkynnist Ástvaldi Guðmundssyni Rakarastofunni Dalbraut 1 (vinnusími 568 6312).

## HAUSTFERÐ

Nú verður ekki lengur talað um hina hefðbundnu „13. september ferð“ Jörffi þar sem ferðinni munar nú verulega fram til haustsins. Það er gert til að rekast síður á haustferð félagsins á Grímsfjall og menn hafi frekar orku til að koma með. Haustin hafa einnig verði mildari nú hin seinni ár og ekki síður fallett á fjöllum á þeim tíma. Farið verður föstudaginn 29. september n.k. Lagt verður af stað í rútu frá húsi Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h.f. Borgartúni 34 kl. 20:00 stundvíslega.

Allir félagar eru hvattir til að mæta og taka fjölskylduna með. Munið að tilkynna þátttöku til Ástvalds Rakarastofnunar Dalbraut 1, sími 568 6312.

Nefndin

## VORFERÐ JÖRFI 9.-17. JÚNÍ 2000

Eftir þrjú erilsöm ár með löngum vorferðum og mjög umfangsmiklum verkefnum vegna umbrota síðustu missera, var af ráðið að nú yrði horfið aftur að hefðbundnu sniði vorferða. Því varð ferðin rúm vika að lengd eins og lengst af fram til 1997. Áformað var að leggja af stað laugardag 10. júní. Í vikunni fyrir ferðina kom í ljós að vegna vorkulda var leiðin í Jökulheima enn að töluverðu leyti undir snjó. Á þessum síðustu og verstu tímum má enginn vera að því að vera ofurseldur dutlungum veðurfarsins og þótti erfitt að seinka ferðinni um viku. Í stað þess var ákveðið að fara einfaldlega í Grímsvötn úr austri, um Skálafellsjökul. Þó var ákveðið að beita tangarsókn og senda léttan jeppahóp um Jökulheima meðan meginflotinn kæmi úr austri. Meginhópurinn fór af stað að kvöldi föstudags 9. júní, gisti í Freysnesi og var tilbúinn til jöklaferðar í Jöklaseli eftir hádegi daginn eft-



ir. Farartæki voru snjóbíll Landsvirkjunar, jeppar og vélsleðar. Fararstjóri var Magnús Tumi Guðmundsson en matarbirgðastjórn var í höndum Sjafnar Sigsteinsdóttur. Tuttugu manna hópur var alla vikuna en um 10 manns voru með yfir hvíta-sunnuhelgina.

Ferðin vestur jökul var tíðindalítil í ágætu veðri og kom hópurinn á fjallið milli kl. 7 og 8 um kvöldið. Daginn eftir, hvíta-sunnudag, var haldið í Grímsvötn og aðstæður kannaðar. Farið var að gígnum frá 1998 og skoðað vatnið vestan hans. Einnig var boruð afkomuhola í Grímsvötnum. Að lokum fór hópurinn könnunarferð norður í Gjálp. Ágætt veður var um kvöldið og góð stemning en morguninn eftir fór helgarpakkinn til byggða, um Jökulheima. Sá hópur bar á húsin í Jökulheimum, vann hluta verksins á uppeftirleiðinni og lauk því svo í heimferðinni.

Fyrir þá sem eftir voru leið vikan með undrahaða. Farið var í Gjálp, á Köldukvíslarjökul, vítt og breitt um Grímsvötn, á Bárðarbungu og Háubungu. Unnið var við uppsetningu á ís-skriðsstikum, gerðar þyngdarmælingar og íssjármælingar, Grímsvötn og Gjálp kortlögð með mælingu fjölmargra DGPS-sniða, vitjað um veðurstöðvar og unnið við rafstöðvar á Grímsfjalli, uppsetningu veðurstöðar þar og hugað að vatnshæðarmæli í Grímsvötnum. GPS landmælingar voru gerðar á Hamrinum, í Jökulheimum og á Grímsfjalli. Dittað var að skálanum og borið á þá eins og tók voru á. Skipt var um allar dýnur í skálanum enda skreið fólk úthvílt og fínt úr koju á morgnana og lofaði nýju dýurnar.

Veður var ágætt lengst af en hvassviðri gerði að kvöldi 12. júní. Þó búið væri um allt eftir bestu getu fór svo að samanbundið buntið með gömlu dýnunum tókst á loft, leystist í sundur, dýurnar fuku vestur á jökul og hafa ekki sést síðan. Helst nýjung í þessari ferð var gúmmíbátur sem fenginn var að láni hjá Orkustofnun. Bátinum var siglt um lónið sem myndast hefur



vestan gígsins frá 1998. Það reyndist 800 m langt meðfram hömrum Grímsfjalls og 500 m breitt. Mesta dýpi mældist um 80 metrar. Að norðan og vestan var lónið girt 40-60 m háum ís-hömrum sem öðru hverju hrundi úr. Að sunnan var þverhníptur 300 m hár klettaveggur Grímsfjalls. Það var stórkostleg upplifun að sigla um lónið. Var um það talað að löngu hefði verið tímabært að Jökklarannsóknafélagið efndi til siglingar á vötnunum. Hin síðari ár hefur raunar fátt verið um vakir sem nýst gætu til slíks. Fyrir um 40 árum gerði Sigurður Þórarinsson reyndar tilraun til að sigla um vökina sem þá var við Vatnshamar, vestast í vötnunum. Til siglingarinnar hafði Sigurður aðeins vindsæng. Verra var að hann afréð að taka með sér ísöxi til halds og trausts. Eins og þeir vita sem reynt hafa, eru vindsængur ekki mjög stöðugar fleytur og erfitt að athafna sig á þeim. Enda fór það svo að Sigurður var ekki fyrir kominn af stað en öxin fór í vindsængina og risti hana á hol. Sængin missti flotið, Sigurður fór í vatnið og svamlaði í land. Lauk þar með fyrstu tilraun til útgerðar á Grímsvötnum. Nú tókst betur til enda báturinn hinn traustasti. Náðust allmargar mælingar á dýpi og hitastigi vatnsins.

Snjóbíllinn og tveir bílar aðrir fóru vesturaf, niður til Jökulheima, að kvöldi 16. júní og þaðan til byggða. Meginhluti hópsins var þó eftir og að morgni 17. júní var allt tilbúið til heimferðar. Bílar og sleðar óku sem leið lá austur í Jöklasel. Þar voru sleðar teknir á kerrur en síðan haldið áfram áleiðis til Reykjavíkur. Skömmu áður en lagt var af stað reið yfir fyrri Suðurlandsskjálftinn en ekki urðum við hans vör. Á leiðinni til Reykjavíkur voru þó víða ummerki um skjálftann, hrún undir Eyjafjöllum og skældir vegir á Suðurlandi. Ekki urðu þessi stórmerki okkur til tafar og til Reykjavíkur komum við um miðnætti. Lauk þar enn einni ánægjulegri og árangursríkri vorferð. Allir þáttendur stóðu sig með þryði enda vantaði ekki vinnu-



gleði og ósérhlífni í þessa ferð frekar en endranær. Landsvirkjun studdi leiðangurinn með því að leggja til snjóbil sinn og Vegagerðin veitti styrk til eldsneytiskaupa.

Magnús Tumi Guðmundsson

## SUMARFERÐ JÖRFÍ

Klukkan er nú laugardagsmorguninn fyrsta júlí. Fólk heilstast á planinu hjá Guðmundi Jónassyni og þakkar fyrir síðast, sumir hafa ekki sést í ár. Árleg sumarferð Jöklarannsóknafélagsins er að hefjast. Á þriðja tug karla, kvenna og barna er búið til ferðar og það er tilhlökkunarsvipur á hverju andliti. Veðrið er gott, smágola en bjart í lofti.

Ferðinni í ár er heitið í Drátt (sem stundum er kallaður Galtalækjarskógur af ókunnugum) og á Heklu. Á leiðinni austur á að skoða verksummerki jarðskjálftanna á Suðurlandi í júní. Sleipnisverkfali hafði sett strik í reikninginn, á tímabili var ekki ljóst hvort tækist að fá rútu en það tókst. Það var bara eitt sem mátti ekki, það mátti ekki stansa fyrr en komið væri austur fyrir Selfoss svo verkfallsverðir færu ekki að skipta sér af ferðum rútnunnar. Þetta þýddi líka að í ár varð að sleppa því að skoða helstu sjöppur Suðurlands. Þegar komið var austur fyrir Selfoss þótti óhætt að nema staðar til að skoða hyldjúpar sprungur sem mynduðust í júnískjálftunum. Ótrúlegur kraftur sem leysist úr læðingi við svo stóra skjálfta. Áfram er haldið, Heklusafnið skoðað og náttúrperlur í uppsveitum. Síðdegis er komið í Drátt. Menn og konur velja sér tjaldstæði og koma sér fyrir. Um kvöldið er grillað, sögur sagðar, skálað og sungið langt inn í bjarta sumarnóttina.



Daginn eftir er ákveðið að skipta liði, börn og gæsulmenn þeirra verða eftir í Drætti og fara í sund en allstór hópur ákveður að ganga á Heklu. Það er sólskin og logn þegar rútan silast upp í Skjólkvíar þaðan sem á að leggja á fjallið undir fararstjórn Árna Hjartarsonar jarðfræðings. Hversu oft hefur maður ekki gjóað augunum á Heklu og sagt í hljóði við sjálfan sig -þarna ætla ég upp-. Og nú er draumurinn að rætast. Það er áð áður en lagt er í bröttustu brekkuna, létt á nestinu og hugað að snjóalögum og smájökum sem kúra í norðvestur hlíðum fjallsins. Rætt um nauðsyn þess að rannsaka jöklana nánar. Leiðin upp er ekki jafn greiðfær og áður vegna nýja hraunsins, sem rann í gosinu í lok febrúar. Nú þarf að fara yfir nýja hraunið á tveimur stöðum áður en hæsta tindur er náð og þá er betra að vera í síðbuxum og með góða vettlinga. En þeir sem lögðu af stað komast allir á tindinn. Þar er áð góða stund, hugað að kennileitum og dáðst að útsýninu. Það er öllu fljótlegra að fara niður en upp og von bráðar er hópurinn kominn til baka í Drátt. Það er drifið í að pakka og taka upp tjöldin.

Ánægjulegri ferð er að ljúka. Á leiðinni til Reykjavíkur er rætt um hvert á að halda að ári. Menntu eru nokkuð sammála um að skipulag ferðarinnar í ár hefði verið með miklum ágætum, skoða sig um fyrri daginn og fara í fjallgöngu seinni daginn. Því ekki að endurtaka það að ári?

Jóhanna Margrét Einarsdóttir

## VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR - RÁÐSTEFNA

Föstudaginn 29. september næstkomandi verður haldin ráðstefna á Kirkjubæjarklaustri um stofnun þjóðgarðs sem nær yfir allan Vatnajökul og nokkuð af umhverfi hans. Landvernd stendur fyrir þessari rástefnu í samstarfi við Ferðamálaráð, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Íslands, Samtök ferðapjónustunnar og Samtök sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Á annan tug frummælenda flytja þar erindi auk þess sem umhverfisráðherra ávarpar gesti undir kvöldverði. Á eftir verður kvöldvaka. Á laugardeginum verður farið inn í Núpsstaðaskóga til skoðunar.

Meðal frummælenda á ráðstefnunni verða formaður Jökla-  
rannsóknafélagsins. Það er vel við hæfi þar sem félagið hefur sótt jökulinn heim á öllum tímum árs í hart nær hálfa öld og byggt afdrep fyrir þá sem rannsaka jökulinn og ferðast vilja um hann. Hjá félaginu eru varðveittar mælingar á breytingum jökulsins í meira en mannsaldur og séð er til að þeim mælingum verði fram haldið. Enginn annar hefur af slíkri þekkingu og reynslu að miðla.

Ráðstefnan er öllum opin og kostar aðgangur 5.000 kr. Hægt er að skrá sig í síma Landverndar 552 5242 eða um tölvu-  
netfang [landvernd@landvernd.is](mailto:landvernd@landvernd.is).

Oddur Sigurðsson



